



Til: byggingarfulltrui@hunavatnshreppur.is

Efni: Re: Fw: Umsögn vegna byggingarleyfis á svæði sem er á nátturuminjaskrá.

Upplýsingar:

Sent: 13.03.2018 11:23:27 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030007, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

---

Tilvísun í mál: 2018030007

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Húnavatnshreppi, dags. 3. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um byggingarleyfi á jörðinni Vatnsdalshólum í Húnavatnshreppi.

Eins og kemur fram í gögnum málsins eru Vatnsdalshólar á nátturuminjaskrá og því fyllsta ástæða til að fara að öllu með gát. Í gögnum málsins kemur fram að nota á gámaeiningar. Vegna sérstöðu náttúru svæðisins telur Náttúrufræðistofnun að lita verði til 69. gr. laga um náttúruvernd, hönnun mannvirkja, þó hér sé um tiltölulega litla framkvæmd að ræða, en þar segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.”

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir þau gögn sem eru lögð til grundvallar byggingarleyfinu og gerir að öðru leiti ekki athugasemdir við að leyfi verði veitt á forsendum þeirra enda verði engin röskun á framhlaupshólum í nágrenninu.

Virðingarfyllt,



Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8

Pósthólf 125 (P.O. Box 125)

212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS

Dags: 05.03.2018 10:07:03

Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS

Efni: Fw: Umsögn vegna byggingarleyfis á svæði sem er á nátturuminjaskrá.

---

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 05.03.2018 10:06 -----

From: byggingarfulltrúi <byggingarfulltrui@hunavatnshreppur.is>

To: <ni@ni.is>, <kristins@umhverfisstofnun.is>

Date: 03.03.2018 16:18

Subject: Umsögn vegna byggingarleyfis á svæði sem er á nátturuminjaskrá.

---

Góðan dag

Ég óska eftir umsögn ykkar er varðar veitingu á byggingarleyfi fyrir hús á jörðinni Vatnsdalshólum í Húnavatnshreppi .

Meðfylgjandi gögn eru:

1. Aðaluppdráttur
2. Uppdráttur af byggingarreit

Smá um staðarhætti: Þar sem þessi bygging er ætluð er tún rétt við önnur hús sem byggð hafa verið á jörðinni. Ekki verður hólum eða hæðum raskað við þessa framkvæmd . Húsin er auðveldlega hægt að taka í burtu aftur ef áherslur breytast í framtíðinni .

Vatnsdalshólar eru á Nátturuminjaskrá

<https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/nordvesturland/>

Um Vatnsdalshólan segir: „407. Vatnsdalshólar, Sveinsstaðahreppi, A-Húnavatnssýslu. (1) Hólarnir vestan Hnausakvíslar og Flóðsins milli Þjóðveggar og Þórdísarlækjar í löndum Sveinsstaða og Vatnsdalshóla. (2) Fjöldi framhlaupshóla úr Vatnsdalsfjalli, flæðiengi og tjarnir.“

Byggingarfulltrúinn í Húnavarnhreppi

Porgils Magnússon

Sími: 455-4700

Gsm: 869-0707



Aðlauppdráttur.pdf Byggingarreitur.pdf